

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárvallahrepps 2002-2014, Hella, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. febrúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárvallahrepps 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir nýju svæði fyrir íbúðarbyggð á svokölluðum Öldum austast á Hellu ofan Suðurlandsvegur.
2. Athafnasvæði á Öldum er felld út.
3. Iðnaðarsvæði á Öldum minnkar og syðsti hluti þess sameinast iðnaðarsvæði við Dynskála auk þess sem svæðið stækkar til austurs.
4. Tengibraut austan og ofan byggðar er felld út austan Langasands og ný íbúðarbyggð á Öldum verður tengd frá Langasandi og Eyjasandi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 15. febrúar 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.